



Reykjavík, 9. október
PON25040027

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja útboðsferli og innleiðingu á verkefnastjórnkerfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið

Á fundi stafræns ráðs þann 8. október var lögð fram heimildarbeiðni dags. 24. september um að hefja útboðsferli og innleiðingu á verkefnastjórnkerfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið, ásamt fylgigögnum sbr. 6. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 24. september 2025
PON25040027

Efni: Heimild til að hefja útboðsferli og innleiðingu á verkefnastjórnkerfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja útboðsferli og innleiðingu á verkefnastjórnkerfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er 18 mánuðir og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 87 m.kr. Þar af tilheyra 35 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 52 m.kr. í rekstrarkostnað umhverfis- og skipulagssviðs á fjögurra ára tímabili. Af heildarkostnaði eru áætlað að 69 m.kr. verði ytri kostnaður sem sem keyptur verður inn skv. innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Fjármögnun rekstrarhluta verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 24. september 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Greinargerð:

Verkefnið snýst um útboð og innleiðingu á verkefnastjórnkerfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið (USK) sem heldur utan um öll verkefni sviðsins sem bæði eru stór og flókin verkefni sem og þau smærri og einfaldari. Frá því að verkefnastjórnkerfið PIAB (project in a box) hætti árið 2022 hefur sviðið starfað án samræmdrar lausnar, með tilheyrandi tækniskuld og tekjuleka. Núverandi áskoranir eru skortur á yfirsýn og ósamræmdir verkferlar, takmarkaður aðgangur að rauntímagögnum, upplýsingum og stjórnunartólum. Sviðið vill innleiða nútímalegt og notendavænt verkefnastjórnkerfi og geta tekið gagnadrifnar ákvarðanir byggðar á rauntíma upplýsingum og vera með sameiginlegt verkefnastjórnkerfi sem hentar þörfum allra skrifstofa USK. Markmið þessarar vinnu er að spara tíma, draga úr áhættu og tryggja að fjármunir og auðlindir séu nýttar á sem hagkvæmasta hátt, sem skilar sér í markvissari og árangursríkari framkvæmd verkefna.

Nú þegar hefur verið unnin þarfagreining hjá skrifstofum USK og markaðskönnun samkvæmt lögum um opinber innkaup verið framkvæmd. Samkvæmt niðurstöðum þarfagreiningar er mikil þörf á sameiginlegu, nútímalegu verkefnastjórnkerfi fyrir allar skrifstofur sviðsins. Markaðskönnun leiddi í ljós að töluvert er til af lausnum sem geta sinnt þeim þörfum sem til staðar eru, en einnig að kostnaður þeirra er yfir viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt lögum um opinber innkaup og ljóst að það þarf að fara í útboðsferli. Þarfagreiningin og markaðskönnunin leggja saman grunninn að útboðsferli og innleiðingu þar sem búið er að skilgreina þarfir, meta ávinning og undirbúa næstu skref.

Ávinningur af innleiðingu verkefnastjórnkerfis fyrir USK er metinn allt að 25% sparnaður í tíma við gagnaöflun og stöðumat, aukin yfirsýn og fækkun mistaka. Innleiðingin og notkun nýrrar lausnar myndi leiða til betri nýtingar fjármuna, aukins gagnsæis og skýrari ábyrgðar, og auðvelda samvinnu og upplýsingaflæði milli deilda. Ómælanlegur ábati felst í aukinni ánægju starfsfólks og betri þjónustu við borgarbúa, t.d. upplýsingamiðlun um stærra fjárfestingarverkefni.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið skv. frumkostnaðaráætlun er 87 m.kr. Þar af tilheyra 35 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 52 m.kr. í rekstrarkostnað umhverfis- og skipulagssviðs á fjögurra ára tímabili. Af heildarkostnaði eru áætlað að 69 m.kr. verði ytri kostnaður sem sem keyptur verður inn skv. innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur





Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (8.10.2025)

Verkefnaráðsfundur: 11.09.2025

Verkefnastjórnunartól USK

Samantekt:

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) hefur verið án heildstæðra verkefnastjórnunarlausna frá því að verkefnastjórnunartólið Project in a box (PIAB) hætti starfsemi árið 2022. Í dag er unnið í ótengdum lausnum án heildrænnar yfirsýnar. Umhverfis og skipulagssvið (USK) er því með tækniskuld og tekjuleka eftir 3 ár með starfsemi án verkefnastjórnunarkerfis. Sviðið vill innleiða nútímalegt og notendavænt verkefnastjórnunarkerfi og geta tekið gagnadrifnar ákvarðanir byggðar á rauntíma upplýsingum og vera með sameiginlegt verkefnastjórnkerfi sem hentar þörfum allra skrifstofa USK.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 35,4 m.kr. (fasi 2)

Áætluð tímalengd verkefnis: 18 mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 4,33

Ábati 33%: 5

Helsti ábati verkefnisins felst í tímasparnaði starfsfólks, lækkun kostnaðar og bættri ákvarðanatöku. Verkefnið hefur því mikinn mælanlegan ábata fyrir stafsfolk og starfsemi Reykjavíkurborgar.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið stuðlar að einföldun rekstarumhverfis, betri gagnahögun, umbótum á verklagi og aukinnar sjálfvirkni. Hefur áhrif bæði fyrir starfsmenn og verktaka sem vinna við verkefni á umhverfis og skipulagssviði.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 3

Hefur jákvæð áhrif á starfsmenn og verktaka sem vinna í verkefnahópum á umhverfis og skipulagssviði

Lagalegar kröfur – Nei

Dæmi: Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllt,



Reykjavík



Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Verkefnastjórnunarmhverfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið

Eigandi: Eva Kristinsdóttir, skrifstofustjóri verkefnastofu USK

Þarfagreining

S.l. 3 ár hefur ekki verið verkefnastjórnkerfi þvert á USK sem hefur leitt til skorts á yfirsýn, ósamræmda verkferla, tækniskuld og tekjuleka. USK vill innleiða nútímalegt og notendavænt verkefnastjórnkerfi til að bæta heildaryfirsýn, verklag og samþættingu milli eininga. Þörf er á sjálfvirkni, álagsstýringu og tólum til að styðja við ákvarðanatöku og forgangsroðun.

Áskorun

- Ekkert verkefnastjórnkerfi þvert á sviðið
- Skortur á yfirsýn
- Ósamræmdir verkferlar
- Tækniskuld og tekjuleki

Markmið

- Kaupa og hefja notkun á hugbúnaði sem uppfyllir kröfur USK um stýringu verkefna.
- Ná yfirsýn yfir kostnað, tíma, auðlindanýtingu og framvindu allra verkefna sviðsins.
- Ná heildaryfirsýn yfir einstaka verkefni.
- Samræma verklag og samnýta gögn á milli eininga.
- Forgangsraða og álagsstýra út frá gagnadrifnum og upplýstum ákvörðunum.
- Skýr ábyrgð og skráning minnkar áhættu.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- 25% tímasparnaður
- Bætt heildaryfirsýn á verkefni
- Auðveldari samvinna og miðlun upplýsinga
- Skilvirkari ferlar og minni villuhætta í framkvæmd verkefna

Tímalína

18 mánuðir

Kostnaður

Heildarkostnaður 87,355 m. kr.
Eignasjóður 35,355 m. kr.
Rekstur 52 m. kr.

Innkaup

- Þörf á að fara í útboðsferli, verður útfært í samráði við skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar

Verkefnastjóri: Sigurrós Oddný Kjartansdóttir
Verkefnateymi: Verkefnastofa USK
Stafrænn leiðtogi: Kristín Björg I Sverrisdóttir



Verkefnastjórnunarumhverfi fyrir umhverfis- og skipulagssvið

Niðurstaða fyrsta fasa og næsta áskorun

Kristín Björg Sverrisdóttir, stafrænn leiðtogi

Sigurrós Oddný Kjartansdóttir, teymisstjóri verkefnastofu

Ragnheiður Sigvaldadóttir, eigandi verkefnis





Í hnotskurn

Umhverfis- og skipulagssvið hefur verið án heildstæðra verkefnastjórnunarlausna frá því að PIAB hætti starfsemi árið 2022. Í dag er unnið í ótengdum lausnum án heildrænnar yfirsýnar. USK er því með tækniskuld og tekjuleka eftir 3 ár með starfsemi án verkefnastjórnkerfis.

Sviðið vill innleiða nútímalegt og notendavænt verkefnastjórnkerfi og geta tekið gagnadrifnar ákvarðanir byggðar á rauntíma upplýsingum og vera með sameiginlegt verkefnastjórnkerfi sem hentar þörfum allra skrifstofa USK.

Markmið þessarar vinnu er að spara tíma, draga úr áhættu og tryggja að fjármunir og auðlindir séu nýttar á sem hagkvæmasta hátt, sem skilar sér í markvissari og árangursríkari framkvæmd verkefna.

Helstu vandkvæði snúa að:

Skortur á verkefnastjórnunar- og upplýsingakerfi

Skortur á miðlægum gagnagrunni og samþætting milli kerfa

Skortur á miðlægri stafrænni yfirsýn á verkefni USK og stöðu þeirra.





Áskorun

Betra utanumhald á verkefnum á USK.

Núverandi staða

Ekkert verkefnastjórnkerfi þvert á sviðið. Núverandi áskoranir eru skortur á yfirsýn og ósamræmdir verkferlar, ásamt takmörkuðum stjórnunartólum.

Þau tól sem nú eru til staðar:

Almennt

- Microsoft umhverfi þvert á USK. Hlaðan, Agresso, Vinnustund, SAP, Gæðastjórnunarkerfi (í vinnslu),

Sérkerfi skrifstofa:

- M.a. ACC Bygginga, hönnunar-samskipta- og skjalakerfi, Main Manager Eignaumsjónarkerfi, LUKR/GIS, Borgarsjá og nýtt eftirlitskerfi HER

Lausn

Krafan er um heildaryfirsýn yfir verkefni, skýrt verklag og samþættingu milli eininga. Þörf er á sjálfvirkni, álagsstýringu og tólum til að styðja við ákvarðanatöku og forgangsörðun.

Um er að ræða kaup og innleiðingu á verkefnastjórnkerfi, sem heldur utan um öll stóru og flóknu verkefni sem og þau smáu á USK.

Ábati

USK heldur utan um stóra fjárfestingaáætlun og marga stóra verkefnastofna sem getur verið krefjandi t.d. Borgarlínu, uppbyggingu nýrra hverfa eins og Ártúnshöfða og Skerjafjarðar, allar stórar vegaframkvæmdir, allar nýbyggingar á vegum borgarinnar o.fl.

Á sviðinu er a.m.k. rekin 300 verkefni árlega sem munu verða skilvirkari með tilkomu nýs kerfis.

Sjá nánar um ábata á næstu glæru



Ábatamat

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður 25% (sem sparast hjá verkefnastjórum við uppflettingu gagna, rifja upp stöðu verkefna, deila gögnum, leysa af)
- 1 milljarður af 30 sem fara í stórar framkvæmdir er sokkinn kostnaður vegna tækniskuldar = 62,5 stöðugildi



Notendur

- Betri yfirsýn yfir verkefni
- Auðveldara að fylgjast með stöðu verkefna og hver gerir hvað.
- Auðveldari samvinna og miðlun upplýsinga
- Skýrir ferlar verða sýnilegir fyrir samráð og samskipti milli deilda.
- Skýrara ábyrgðarsvið
- Aðgangur að nauðsynlegum gögnum á réttum stað
- Minni tími fer í að leita að upplýsingum.
- Aukið traust
- Áætlað er að betri yfirsýn muni leiða til töluvert færri mistaka.

Stjórnendur

- Heildaryfirsýn yfir verkefni og mannafla
- Hægt að sjá stöðu verkefna, forgangsraða og úthluta mannafla betur, betri skýrslugerð.
- Auðveldara að taka upplýstar ákvarðanir
- Aðgengi að gögnum og innsýn í framvindu verkefna.
- Auðveldar framfylgni ferla sem tryggir gæði.
- Yfirsýn yfir kostnað, tíma og auðlindanýtingu.
- Hagkvæmari nýting fjármuna
- Aukið gegnsæi og ábyrgð
- Skýrari ábyrgðarsvið og skráning ákvarðana minnkar áhættu.
- Skilvirkari ferlar og minni villuhætta í framkvæmd verkefna.
- Möguleikar á samþættingu við önnur kerfi eykur skilvirkni - Minni tvíverknaður og betri upplýsingaflæði milli kerfa.



Fasi 1

- ✓ Samráð við lykilaðila á hverri skrifstofu USK um þeirra þarfir
- ✓ Markaðskönnun framkvæmd í samstarfi við skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar
- ✓ Gögn yfirfarin frá 11 aðilum sem svöruðu markaðskönnun
- ✓ Drög að þörfum – sem er grunnur ef farið í útboðsferli

Tímalína verkefnis: FASI 1





Samantekt þarfagreiningar

Tekin voru 14 viðtöl við starfsfólk af öllum skrifstofum USK. Þarfirnar misjafnar en ákveðin þemu skýr heilt yfir:

Yfirsýn og stjórnun verkefna

- Verkefnayfirlit sem sýnir öll verkefni, stöðu og framvindu.
- Verkefni tengd stefnumótandi markmiðum.
- Forgangsröðun verkefna eftir mikilvægi.
- Samanburður á áætluðum og raunverulegum kostnaði/tíma o.s.frv.

Samvinna og teymisvinna

- Verkefnum útdelt til teymismeðlima og ábyrgðarsvið skýr.
- Skýr afmörkun hlutverka og ábyrgðar.
- Möguleiki á samskiptum og athugasemdum innán verkefna.
- Samráð og skýr samskiptaferill.
- Leitar- og síunarmöguleikar fyrir verkefni.
- Samræming á verklagi.

Skjala- og aðgangsstýring

- Skjöl vistuð á einum stað, útgáfustýring og breytingasaga.
- Miðlæg vistun.
- Stýring á aðgangsheimildum eftir hlutverkum.
- Flokkun skjala eftir tegund og verkefnum.

Gæðamál, ferlar og sjálfvirkni

- Gæðakerfi tengt verkefnastjórnunartóli.
- Innbyggðir gátlistar og skref fyrir eftirfylgni.
- Sjálfvirknivæðing til að lágmarka handvirka vinnu.

Fjármál og auðlindastýring

- Tengingar við fjárhagskerfi og yfirsýn yfir kostnað.
- Mannaflyfirlit og jafnvægi á verkefnaálagi.
- Sjálfvirkar viðvaranir um frávík.

Annað:

- Notendavænleiki, sveigjanleiki (gantt, kanban, listi...)
- Betri aðgangur að rauntímagögnum
- Góð leit
- „Við viljum ekki enn eitt kerfið“
- Sjálfvirkar skýrslur og mælaborð



Lausnir – svörun úr markaðskönnun

ORACLE

Advania

 **ANTURA**

Antura AB

 **asana**

Asana Inc


Aveti AI

Aveti Data
Technologies

clarity

HCL Technologies
Denmark Aps

it design GmbH



MEISTERPLAN

it design GmbH

 **smartsheet**

Smartsheet Inc

 **AUTODESK**
Construction Cloud

NTI ehf

OnePlan

OnePlan Portfolio
solutions, LLC

 **parm**

Parm AG

 **Planisware**

Planisware

planview 

Planview

**Það sem þessi markaðskönnun segir okkur er að við myndum alltaf verða yfir
viðmiðunarfjárhæðum og því væri næsta skref formlegt innkaupaferli.**



Ákvörðun verkefnaráðs


Óskum eftir stuðningi og fjármagni í eftirfarandi:

Fasi 2 (18 mán):

- Útboðsferli fyrir verkefnastjórnkerfi USK
- Innleiðingu lausnar

Óskum eftir 50% stöðu verkefnastjóra ÞON í útboðsferlið og innleiðingu, ásamt vörustjóra í lok verkefnis sem tæki við vörustýringu lausnarinnar.

Fjármagn á fjárfestingu 35.355.000 krónur.





Umfangsmat – útlístun á kostnaði

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis er 87.355.000 kr. og tími fjárfestingaverkefnis er áætlaður 18 mán.



Fjárfestingakostnaður ÞON

	Frumkostnaðaráætlun
<i>Undirbúningur og skilgreining</i>	<i>0,5 mán</i>
Verkefnastýring ÞON	375.000
SAMTALS	375.000
 <i>Framkvæmd - útboð og innleiðing</i>	 <i>17 mán.</i>
Verkefnastýring ÞON	12.750.000
Vörustjóri	1.980.000
Innleiðingarkostnaður til samningsaðila	10.000.000
Kostnaður vegna samþættingar	7.500.000
Innri kostnaður vegna þróunar og/eða hönnunar	1.000.000
Annar kostnaður/ófyrirséð	1.000.000
SAMTALS	34.230.000
 <i>Verklök</i>	 <i>1 mán</i>
Verkefnastýring ÞON	750.000
SAMTALS	750.000

Rekstrarkostnaður USK

Rekstrarkostnaður m.v. 4 ár er 52.000.000

Forsendur rekstrarkostnaðar:

- Upplýsingar úr markaðskönnun
- Miðum við 200-250 notendur, þ.e. leyfisgjöld, hýsing, rekstrarlíkan ÞON, o.s.frv.
- Miðast við ef farið væri í ótímabundinn samning - þá miðar áætlunin við 4 ár, sem gera 13 m.kr. á ári.
- Ath. um frumkostnaðaráætlun er að ræða, byggða á þeim forsendum sem við höfum í dag. Rekstrarkostnaður er skýrari um leið og samningur væri kominn á.



Útlistun á kostnaði (1/2)



Fjárfestingarkostnaður sem óskað er eftir: 35.355.000 kr.

Kostnaðaráætlun m.v. framtímaáætlun

Mánuðir:	0,5	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Launakostnaður starfsfólks á fjárfestingu	375.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr
Aðkeypt sérfræðipjónusta									500.000 kr	700.000 kr	700.000 kr
Búnaðarkaup (innleiðingarkostnaður)											
Annar kostnaður											

Samtals



Útlistun á kostnaði (2/2)



Fjárfestingarkostnaður sem óskað er eftir: 35.355.000 kr.

Kostnaðaráætlun m.v. framtímaáætlun

Mánuðir:	11	12	13	14	15	16	17	18	Samtals
Launakostnaður starfsfólks á fjárfestingu	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	1.245.000 kr	1.245.000 kr	1.245.000 kr	1.245.000 kr	15.855.000 kr
Aðkeypt sérfræðipjónusta	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	7.500.000 kr
Búnaðarkaup (innleiðingarkostnaður)					2.500.000 kr	2.500.000 kr	2.500.000 kr	2.500.000 kr	10.000.000 kr
Annar kostnaður			500.000 kr	500.000 kr		500.000 kr	500.000 kr		2.000.000 kr
Samtals									35.355.000 kr

Rekstrarkostnaður USK kæmi til eftir að fjárfestingaverkefni lýkur



Áætluð tímalína næsta fasa

Upphaf verkefnis (0,5m)

Skipulagning
Setja saman stýrihóp og verkefnahóp
Áhættumat

Samningsgerð (2–3 mán)

Fyrirspurnir
Yfirferð tilboða og viðræður
Fara fyrir innkaupa og framkv.ráð
Taka tilboðs
Ítrun kostnaðaráætlunar

Verklok (1 mán)

Afhending lausnar í rekstur
Skjölun
Lærdómur

Gerð útboðsgagna (2-3 mán)

Kröfulýsing unnin af starfsfólki
USK, FAS og PON
Yfirlestur gagna

Innleiðing: aðlögun kerfis og samþætting (12 mán)

Aðlögun kerfis
MÁP á lausn
Samþætting og aðgangsmál
Prófanir
Kennsla og þjálfun á kerfi
Eftirfylgni



Reykjavík



Umfangsmat – útlístun á kostnaði



Áætlaður heildarkostnaður verkefnis er 87.355.000 kr. og tími fjárfestingaverkefnis er áætlaður 18 mán.

Fjárfestingakostnaður ÞON

	Frumkostnaðaráætlun
<i>Undirbúningur og skilgreining</i>	<i>0,5 mán</i>
Verkefnastýring ÞON	375.000
SAMTALS	375.000
 <i>Framkvæmd - útboð og innleiðing</i>	 <i>17 mán.</i>
Verkefnastýring ÞON	12.750.000
Vörustjóri	1.980.000
Innleiðingarkostnaður til samningsaðila	10.000.000
Kostnaður vegna samþættingar	7.500.000
Innri kostnaður vegna þróunar og/eða hönnunar	1.000.000
Annar kostnaður/ófyfirséð	1.000.000
SAMTALS	34.230.000
 <i>Verklök</i>	 <i>1 mán</i>
Verkefnastýring ÞON	750.000
SAMTALS	750.000

Rekstrarkostnaður USK

Rekstrarkostnaður m.v. 4 ár er 52.000.000

Forsendur rekstrarkostnaðar:

- Upplýsingar úr markaðskönnun
- Miðum við 200-250 notendur, þ.e. leyfisgjöld, hýsing, rekstrarlíkan ÞON, o.s.frv.
- Miðast við ef farið væri í ótímabundinn samning - þá miðar áætlunin við 4 ár, sem gera 13 m.kr. á ári.
- Ath. um frumkostnaðaráætlun er að ræða, byggða á þeim forsendum sem við höfum í dag. Rekstrarkostnaður er skýrari um leið og samningur væri kominn á.



Útlistun á kostnaði (1/2)



Fjárfestingarkostnaður sem óskað er eftir: 35.355.000 kr.

Kostnaðaráætlun m.v. framtímaáætlun

Mánuðir:	0,5	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Launakostnaður starfsfólks á fjárfestingu	375.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr
Aðkeypt sérfræðipjónusta									500.000 kr	700.000 kr	700.000 kr
Búnaðarkaup (innleiðingarkostnaður)											
Annar kostnaður											

Samtals



Útlistun á kostnaði (2/2)



Fjárfestingarkostnaður sem óskað er eftir: 35.355.000 kr.

Kostnaðaráætlun m.v. framtímaáætlun

Mánuðir:	11	12	13	14	15	16	17	18	Samtals
Launakostnaður starfsfólks á fjárfestingu	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	1.245.000 kr	1.245.000 kr	1.245.000 kr	1.245.000 kr	15.855.000 kr
Aðkeypt sérfræðipjónusta	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	700.000 kr	7.500.000 kr
Búnaðarkaup (innleiðingarkostnaður)					2.500.000 kr	2.500.000 kr	2.500.000 kr	2.500.000 kr	10.000.000 kr
Annar kostnaður			500.000 kr	500.000 kr		500.000 kr	500.000 kr		2.000.000 kr
Samtals									35.355.000 kr

Rekstrarkostnaður USK kæmi til eftir að fjárfestingaverkefni lýkur



Áætluð tímalína næsta fasa

Upphaf verkefnis (0,5m)

Skipulagning
Setja saman stýrihóp og verkefnahóp
Áhættumat

Samningsgerð (2–3 mán)

Fyrirspurnir
Yfirferð tilboða og viðræður
Fara fyrir innkaupa og framkv.ráð
Taka tilboðs
Ítrun kostnaðaráætlunar

Verklok (1 mán)

Afhending lausnar í rekstur
Skjölun
Lærdómur

Gerð útboðsgagna (2-3 mán)

Kröfulýsing unnin af starfsfólki
USK, FAS og PON
Yfirlestur gagna

Innleiðing: aðlögun kerfis og samþætting (12 mán)

Aðlögun kerfis
MÁP á lausn
Samþætting og aðgangsmál
Prófanir
Kennsla og þjálfun á kerfi
Eftirfylgni